

Forsendur áætlunar

Tekjur:

Gert er ráð fyrir að tekjur aukist milli ára, frá Ríkissjóði úr 190,4 m.kr. í 204,1 m.kr.

Þar vegur þyngst hækkun úr Jöfnunarsjóði vegna atvinnuþróunar sem byggir á rauntölum í ár og er gert ráð fyrir sömu fjárhæð á næsta ári.

Gert er ráð fyrir 12,5 m.kr. viðbótarframlagi URN til Sóknaráætlunar.

Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi Byggðastofnunar vegna atvinnuþróunar.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi tímabundinni niðurfellingu á framlögum sveitarfélaga vegna Sóknaráætlunar meðan gengið er á eigið fé samtakanna. Árgjöld sveitarfélaga vegna Markaðsstofu byggja á rauntölum 2024 og haldast þannig óbreytt milli ára.

Tekjur vegna NPA verkefna hækka lítillega milli ára og byggja á áætlunum verkefnastjóra.

Gjöld:

Gert hefur verið ráð fyrir 7,2 stöðugildum á árinu ásamt samningsbundnum launahækkunum í launaáætlun.

Stuðst er við minnisblað frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um áætlaða verðbólguþátt á árinu (3,9%)

Einstaka liðir hafa verið lagfærðir í takt við raunverulega stöðu þeirra.

Gert er ráð fyrir að úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra verði veittir styrkir að fjárhæð 60 milljónir króna sem skiptast þannig að 30 milljónir fari til atvinnu- og nýsköpunarverkefna og 30 milljónir til menningarverkefna (verkefna- og stofn- og rekstrarstyrkja). Fari svo að ekki verði öllum fjármunum úthlutað er stjórn heimilt að ráðstafa þeim til áhersluverkefna.

Gert er ráð fyrir að í áhersluverkefni á árinu 2025 verði ráðstafað um 55,3 milljónum sem samanstanda af framlagi ríkisins. Framlög sveitarfélaganna verði tekin af eigin fé samtakanna í samræmi við tímabundna ráðstöfun frá árinu 2019 meðan gengið er á eigið fé samtakanna.

Gert er ráð fyrir að styrkir verði gjaldfærðir um leið og þeim er lofað. Því er ekki um ræða yfirfærslu styrkja á milli ára sem gerir gjöld hærri en ella.

Miðað við ofangreint er gert ráð fyrir að samtökin verði rekin með 33 milljóna króna halla á árinu 2025.

Rekstrartekjur

Framlag ríkissjóðs	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Framlög jöfnunarsjóðs til reksturs SSNV	38.932.848	51.320.496
Framlag jöfnunarsjóðs v. Sóknaráætlunar	6.213.806	6.960.683
Framlög ríkis vegna sóknaráætlunar	116.749.690	117.388.742
Framlög Byggðastofnunar vegna atvinnuþróunar	28.505.780	28.505.780
	190.402.124	204.175.701
Framlag sveitarfélaga		
Framlög sveitarfélaga vegna sóknaráætlunar	0	0
Framlög sveitarfélaga vegna atvinnuþróunar	20.000.000	20.000.000
Árgjöld sveitarfélaga vegna Markaðsstofu	3.906.076	3.941.844
	23.906.076	23.941.844
Framlag til Áfangastofu		
Framlag til Áfangastaðastofu	33.000.000	33.000.000
	33.000.000	33.000.000
Aðrar tekjur		
Framlög vegna NPA verkefna	9.600.000	10.905.891
Aðrar tekjur	1.000.000	5.246.800
	10.600.000	16.152.691
Rekstrartekjur samtals	257.908.200	277.270.236
Rekstrargjöld		
Laun og annar starfsmannakostnaður	-97.920.319	-120.169.991
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar	-50.711.290	-69.488.742
Styrkveitingar	-70.000.000	-60.000.000
Rekstrarkostnaður	-33.853.702	-31.101.150
Framlag SSNV v. Áfangastaðastofu	-33.000.000	-33.000.000
Markaðs og kynningarátak	-5.000.000	-1.500.000
	-291.485.311	-315.259.884
Fjármunatekjur- og gjöld	1.000.000	5.000.000
Rekstrarniðurstaða	-32.577.111	-32.989.648